

Alþingi  
Erindi nr. P 141/1938  
komudagur 13.3.2013

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. mars 2013

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997**

Vísað er í ofangreint frumvarp um breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða með síðari breytingum (625. mál, þskj. 1089)

Auður Capital fagnar þeim breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir hvað varðar auknar fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða í samlagshlutafélögum og óskráðum félögum. Breytingin

- er eðlileg og rökrétt með tillit til þess fjárfestingaumhverfis sem lífeyrissjóðir búa nú við
- gerir lífeyrissjóðum betur kleyft að ná markmiðum sínum um ávöxtun og áhættudreifingu
- eykur fjárfestingar í atvinnulífinu sem eru forsenda bættra lífskjara á Íslandi.


Aðgangur fyrirtækja að fjármagni er grundvöllur aukinna fjárfestinga. Allra stærstu fyrirtæki landsins geta sótt á skráðan hlutabréfamarkað, en minni fyrirtæki þurfa að afla hlutafjár eftir öðrum leiðum. Mörg fyrirtæki eru verulega skuldsett í kjölfar hrunsins og með auknu aðgengi óskráðra félaga að hlutafé er hægt að draga úr skuldsetningu atvinnulífisins og auka slagkraftinn í efnahagslífinu.

Það er ljóst að lítil og meðalstór fyrirtæki, sem ekki hafa aðgang að markaði með skráð hlutabréf, standa undir stórum hluta verðmætasköpunar á Íslandi og aðgangur þeirra að fjármagni er því forsenda hagvaxtar í framtíðinni. Yfir 90% allra starfandi fyrirtækja hér á landi eru lítil eða meðalstór og fjöldi þeirra er á þriðja tug þúsunda.

Sérhæfðir framtakssjóðir sem fjárfesta í hlutabréfum óskráðra fyrirtækja eru mikilvæg uppspretta fjármagns og þekkingar á Íslandi sem og um allan heim, sérstaklega fyrir lítil og millistór fyrirtæki. Auður Capital er rekstraraðili tveggja framtakssjóða, samlagsfélagsins Auður I sem sett var á stofn fyrir fimm árum og samlagshlutafélagsins Eddu sem mun hefja starfsemi innan tíðar. Um er að ræða langtímafjárfestingar þar sem lögd er áhersla á vöxt og verðmætasköpun hjá þeim félögum sem fjárfest er í. Auður I, sem m.a. er í eigu helstu lífeyrissjóða landsins, hefur á síðustu fimm árum varið 3,2 milljörðum til fjárfestinga í 9 fyrirtækjum. Samlagshlutafélagið Edda ráðgerir að fjárfesta um 10 fyrirtækjum fyrir um 5 milljarða á næstu 3-5 árum.

Auður Capital telur það mikilvæga forsendu fyrir því að aukið fjármagn fari í fjárfestingar í atvinnulífinu á næstu árum að heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga í óskráðum félögum verði rýmkuð með þeim hætti sem frumvarpið geri ráð fyrir.

Virðingarfyllt,

  
Kristín Pétursdóttir  
Forstjóri